

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur
um hlutfall þinglýstra lána á íbúðarhúsnæði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er hlutfall þinglýstra lána með veði í íbúðarhúsnæði frá a) Íbúðalánasjóði, b) öðrum kröfuhöfum á árunum 2007–2012, annars vegar hvað varðar fjölda lána og hins vegar hvað varðar fjárhæðir? Svar óskast sundurliðað eftir árum og þinglýsingarumdæmum.

Leitað var til Þjóðskrár Íslands og í upplýsingum frá stofnuninni var tekið fram um forsendur vinnslunnar:

1. Veðandlagið þarf að vera íbúð.
2. Ef jörð, þá þarf að vera fastanúmer á jörðinni sem er skráð sem íbúð.
3. Notkunarkóði fastanúmers ákvarðar hvort eign sé íbúð (ibnotkun).
4. Fjárupphæðir eru eins og þær eru í skjölunum.
5. Ef lán er gengislán, þá var upphæð í mynt margfaldað með skráðu gengi til að reikna íslenskar krónur.
6. Fjöldi lána er fjöldi samninga.
7. Útgáfudagur skjals ákvarðar flokkun milli ára.
8. Kennitalan 6611983629 var notuð til að ákvarða að kröfuhafi sé Íbúðalánasjóður.
9. Tímabil sem talið var 1. janúar 2007 til 24. ágúst 2012.

Miðað við framangreindar forsendur var gerð meðfylgjandi tafla. Í lóðréttum ás eru þinglýsingarumdæmi og í láréttum ás er raðað eftir árum, fyrst fyrir árið 2007. Í fyrsta dálki þess árs er hlutfall fjárhæðar af þinglýstum lánasamningum hjá öðrum aðilum en Íbúðalánasjóði og í öðrum dálki er hlutfall af fjölda samninga hjá öðrum aðilum en Íbúðalánasjóði. Þetta er síðan endurtekið árið 2007 fyrir Íbúðalánasjóð, fyrst sem hlutfall af fjárhæðum í viðkomandi þinglýsingarumdæmi og síðan hlutfall af fjölda þinglýstra lána í því þinglýsingarumdæmi og því ári. Þetta er síðan endurtekið eftir árum, 2008 til 2012. Fyrir árið 2012 ná upplýsingarnar til 24. ágúst það ár.

Hlutfall þinglýstra lána á íbúðarhúsnæði. Hlutfall af upphæð og hlutfall af fjölda á hverju ári.

	2007				2008				2009			
	Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS	
	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.
Reykjavík	97%	91%	3%	9%	97%	90%	3%	10%	86%	81%	14%	19%
Akranes	90%	87%	10%	13%	96%	90%	4%	10%	28%	59%	72%	41%
Borgarnes	90%	85%	10%	15%	70%	68%	30%	32%	73%	83%	27%	17%
Stykkishólmur	82%	84%	18%	16%	61%	72%	39%	28%	76%	81%	24%	19%
Búðardalur	91%	90%	9%	10%	92%	90%	8%	10%	94%	96%	6%	4%
Patreksfjörður	83%	80%	17%	20%	97%	82%	3%	18%	70%	81%	30%	19%

	2007				2008				2009			
	Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS	
	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.
Bolungarvík	44%	53%	56%	47%	94%	78%	6%	22%	71%	68%	29%	32%
Ísafjörður	73%	76%	27%	24%	74%	79%	26%	21%	58%	62%	42%	38%
Hólmavík	87%	86%	13%	14%	99%	91%	1%	9%	53%	69%	47%	31%
Blönduós	80%	86%	20%	14%	86%	77%	14%	23%	68%	76%	32%	24%
Sauðárkrókur	78%	82%	22%	18%	92%	86%	8%	14%	71%	76%	29%	24%
Siglufjörður	64%	74%	36%	26%	54%	72%	46%	28%	58%	69%	42%	31%
Ólafsfjörður	42%	75%	58%	25%								
Akureyri	93%	84%	7%	16%	90%	80%	10%	20%	59%	67%	41%	33%
Húsavík	80%	85%	20%	15%	93%	80%	7%	20%	69%	73%	31%	27%
Seyðisfjörður	81%	75%	19%	25%	87%	77%	13%	23%	79%	75%	21%	25%
Eskifjörður	54%	64%	46%	36%	87%	73%	13%	27%	52%	65%	48%	35%
Höfn	64%	68%	36%	32%	98%	82%	2%	18%	76%	69%	24%	31%
Vík	94%	92%	6%	8%	96%	90%	4%	10%	93%	88%	7%	12%
Hvolsvöllur	91%	89%	9%	11%	82%	85%	18%	15%	80%	84%	20%	16%
Vestmannaeyjar	67%	79%	33%	21%	68%	69%	32%	31%	62%	70%	38%	30%
Selfoss	94%	87%	6%	13%	89%	80%	11%	20%	57%	78%	43%	22%
Keflavík	94%	90%	6%	10%	83%	71%	17%	29%	65%	62%	35%	38%
Keflavíkurlflugvöllur	100%	100%			100%	100%						
Hafnarfjörður	96%	88%	4%	12%	98%	88%	2%	12%	95%	93%	5%	7%
Kópavogur	96%	95%	4%	5%	88%	84%	12%	16%	91%	82%	9%	18%
Öll umdæmi	96%	90%	4%	10%	96%	85%	4%	15%	85%	81%	15%	19%

	2010				2011				2012 (til 24.8.)			
	Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS	
	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.
Reykjavík	96%	82%	4%	18%	92%	81%	8%	19%	97%	85%	3%	15%
Akranes	71%	72%	29%	28%	91%	84%	9%	16%	89%	92%	11%	8%
Borgarnes	85%	50%	15%	50%	100%	94%	0%	6%	94%	93%	6%	7%
Stykkishólmur	83%	83%	17%	17%	100%	84%	0%	16%	81%	86%	19%	14%
Búðardalur	93%	88%	7%	12%	91%	90%	9%	10%	80%	77%	20%	23%
Patreksfjörður	78%	73%	22%	27%	100%	54%	0%	46%	75%	59%	25%	41%
Bolungarvík	55%	70%	45%	30%	68%	74%	32%	26%	39%	55%	61%	45%
Ísafjörður	59%	56%	41%	44%	65%	70%	35%	30%	67%	67%	33%	33%
Hólmavík	74%	85%	26%	15%	66%	72%	34%	28%	84%	92%	16%	8%
Blönduós	85%	84%	15%	16%	88%	82%	12%	18%	88%	88%	12%	12%
Sauðárkrókur	77%	73%	23%	27%	99%	82%	1%	18%	86%	91%	14%	9%
Siglufjörður	70%	78%	30%	22%	45%	64%	55%	36%	51%	63%	49%	37%
Ólafsfjörður												
Akureyri	87%	78%	13%	22%	90%	78%	10%	22%	79%	80%	21%	20%
Húsavík	65%	73%	35%	27%	88%	80%	12%	20%	60%	74%	40%	26%
Seyðisfjörður	87%	78%	13%	22%	69%	73%	31%	27%	90%	88%	10%	12%
Eskifjörður	76%	69%	24%	31%	63%	73%	37%	27%	81%	81%	19%	19%
Höfn	45%	54%	55%	46%	99%	70%	1%	30%	91%	79%	9%	21%
Vík	92%	86%	8%	14%	85%	93%	15%	7%	79%	90%	21%	10%

	2010				2011				2012 (til 24.8.)			
	Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS		Aðrir		ÍLS	
	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.	Kr.	Fj.
Hvolsvöllur	94%	88%	6%	12%	99%	92%	1%	8%	97%	94%	3%	6%
Vestmannaeyjar	61%	73%	39%	27%	66%	75%	34%	25%	78%	82%	22%	18%
Selfoss	85%	84%	15%	16%	96%	83%	4%	17%	88%	85%	12%	15%
Keflavík	58%	66%	42%	34%	73%	75%	27%	25%	86%	77%	14%	23%
Keflavíkurlflugvöllur												
Hafnarfjörður	86%	79%	14%	21%	98%	85%	2%	15%	96%	86%	4%	14%
Kópavogur	97%	80%	3%	20%	96%	86%	4%	14%	95%	87%	5%	13%
Öll umdæmi	94%	79%	6%	21%	96%	82%	4%	18%	95%	85%	5%	15%

Aðrir: Aðrir kröfuhafar.

ÍLS: Íbúðalánasjóður.